



4. Höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi

Iðunn Steinsdóttir hefur um langt árabil verið í fremstu röð íslenskra barna- og unglingabókahöfunda. Hún hefur jafnframt samið bækur sem ætlaðar eru fullorðnum lesendum auk fjölda leikrita fyrir bæði börn og fullorðna og verið mikilvirk á sviði námsefnisútgáfu. Iðunn lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1981.

Á árunum 2006-2009 gaf Námsgagnastofnun út þrjár bækur Iðunnar, *Óðinn og bræður hans – Heimur verður til, Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi og Æsir á fljúgandi ferð – Hefnd Loka*, þar sem hún endursegir Eddu Snorra Sturlusonar fyrir nemendur á mið- og efsta stigi grunnskóla. Í bókunum er ásatrú og sá menningararfur sem henni fylgir borin á borð fyrir íslensk nútímabörn á líflegan og aðgengilegan hátt í hnitmiðuðum frásögnum af ásum og ásynjum og lífi þeirra í Ásgarði. Bækurnar birta nemendum heimsmynd norrænnar goðafræði og gera þeim um leið kleift að tengjast íslenskum fornþekkingum og bakgrunni menningar nútímans. Bækurnar eru allar hinar vönduðustu að gerð, hinn forni texti hóflega einfaldaður, og fjörlegar litmyndir Freydísar Kristjánsdóttur glæða þær lífi.

Öllum bókunum þremur fylgja ítarlegar kennsluleiðbeiningar. Þær gera kennurum kleift að nýta með fjölbreytilegum hætti þann efnivið sem fram kemur í bókunum og í norrænni goðafræði almennt. Í leiðbeiningunum eru m.a. lagðar fram hugmyndir að því hvernig vinna má með bækurnar við sagnagerð og samlestur nemenda, auk ýmiss konar hugmynda um umræður um efni þeirra og samanburð við menningarheim nútímans og trúarbrögð önnur en ásatrú. Einnig fylgja leiðbeiningunum vinnublöð og fjölbreytt lesskilningsverkefni. Í þeim má jafnframt finna ítarlegt hugtakasafn úr norrænni goðafræði. Allar bækurnar eru fánlegar sem hljóðbók.

Að mati dómnefndar er hér um að ræða námsefni sem á lifandi og nýstárlegan hátt færir nýrri kynslóð íslenskra barna arf sem lifað hefur með þjóðinni um aldir og vekur áhuga þeirra á eigin uppruna og menningarheimi. Efnið nýtist jafnframt til að auka lesskilning nemenda og til þjálfunar við ritunarkennslu. Þá má líta á gerð þessa námsefnis sem rökrettan lið í þróun Iðunnar sem námsefnishöfundar. Á því sviði hefur hún einnig gefið út efni til trúarbragðafræðslu og lestrarkennslu, auk þess sem fjölmargar barna- og unglingabóka hennar hafa verið notaðar í bókmenntakennslu í grunnskólum landsins.

Iðunn Steinsdóttir er því verðugur handhafi menntaverðlaunanna 2010 í flokknum *Höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi*.